

# Vatnajökulsþjóðgarður – vestursvæði



*Skrauti í Vonarskarði. Ljósmynd: Ingibjörg Eiríksdóttir*

## Samantekt um stöðu, framtíðarsýn og vöktun

*Uppfært 24. febrúar 2010*

## Efnisyfirlit

1. Um verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs .....	4
2. Vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs .....	5
3. Aðgengi og umferð .....	6
A. Akvegir og slóðar .....	6
Núverandi staða .....	6
Framtíðarsýn .....	7
Vöktun .....	8
B. Gönguleiðir og brýr .....	8
Núverandi staða .....	8
Framtíðarsýn .....	9
C. Reiðleiðir og hjólastígar .....	10
D. Aðgengi fyrir hreyfihamlaða .....	10
4. Aðstaða og afþreying fyrir ferðamenn .....	11
Núverandi staða .....	11
Framtíðarsýn .....	12
Vöktun .....	13
5. Upplýsingagjöf og fræðsla .....	15
Núverandi staða .....	15
Framtíðarsýn .....	15
Vöktun .....	17
6. Landnotkun .....	18
Núverandi staða .....	18
Framtíðarsýn .....	19
Vöktun .....	19
7. Jarðfræði og vatnafar .....	20
A. Jarðfræði .....	20
Núverandi staða .....	20
Framtíðarsýn .....	21
Vöktun .....	22
B. Vatnafar .....	22
Núverandi staða .....	22
Framtíðarsýn .....	24
Vöktun .....	24
8. Vistkerfi og lífríki .....	25
A. Náttúrulegt vistkerfi .....	25
Núverandi staða .....	25
Framtíðarsýn .....	26
Vöktun .....	27
B. Framandi og/eða ágengar tegundir lífvera .....	27

Núverandi staða .....	27
Framtíðarsýn .....	27
Vöktun .....	28
9. Menningarminjar og menningarlandslag .....	29
Núverandi staða .....	29
Framtíðarsýn .....	30
Vöktun .....	30
10. Rannsóknir.....	31
Núverandi staða .....	31
Framtíðarsýn .....	31
11. Hagkerfi og samfélag .....	33
Núverandi staða .....	33
Framtíðarsýn .....	33
Vöktun .....	34
12. Stjórnun .....	35
Núverandi staða .....	35
Framtíðarsýn .....	35

## 1. Um verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs

Hér fer á eftir samantekt um stöðu, framtíðarsýn og vöktun á vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Um er að ræða útdrátt úr verndaráætlun sem unnið hefur verið að frá stofnum þjóðgarðsins í júní 2008 og fer nú að hylla undir að líti dagsins ljós.

Samkvæmt lögum um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 skal stjórn þjóðgarðsins hafa yfirumsjón með gerð tillögu að verndaráætlun en svæðisráðin skulu vinna tillöguna, með aðstoð þjóðgarðsvarða og í samvinnu við Umhverfisstofnum og Náttúrufræðistofnun Íslands. Svæðisráðin, hvert á sínu svæði, réðu ráðgjafa til að vinna að gerð áætlunarinnar. Á vestursvæðinu réðust ráðgjafar frá Háskólasetrinu á Hornafirði til þessarar vinnu, og hafa m.a. haft aðsetur á Kirkjubæjarklaustri.

Í verndaráætlun skal gerð grein fyrir markmiðum verndar á einstökum svæðum innan Vatnajökulsþjóðgarðs, einstökum verndaraðgerðum, landnýtingu og mannvirkjagerð, vegum, reiðstígum, göngubrúum og helstu gönguleiðum, umferðarrétti almennings, aðgengi ferðamanna að svæðinu og veiðum. Í verndaráætlun er einnig gerð grein fyrir reiðhjóla- og reiðleiðum, auk mengunarvarna og fleiri þátta.

Áætlunin skal vera tilbúin tveimur árum eftir stofnun þjóðgarðsins. Svæðisráðin fengu 18 mánuði til að skila tillögum sínum til stjórnar sem svo skal vinna heildstæða verndaráætlun fyrir öll rekstrarsvæðin fjögur fyrir þjóðgarðinn út frá þeim.

Tillagan skal auglýst opinberlega og almenningi og hagsmunaaðilum gefinn kostur á að gera athugasemdir áður en endanleg tillaga er send ráðherra til staðfestingar. Umhverfisráðherra getur gert breytingar á verndaráætlun telji hann hana eða einstaka hluta hennar brjóta í bága við lög eða reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð, eða verndarmarkmið þjóðgarðsins. Þegar umhverfisráðherra hefur staðfest verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð skal hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og tekur hún gildi við birtingu.

## 2. Vestursvæði Þjóðgarðsins

Vatnajökulsþjóðgarði er skipt í fjögur rekstrarsvæði, sem auðkennd eru með höfuðáttunum. Vestursvæði hans tekur til þess hluta Vatnajökuls sem tilheyrir Skaftárhreppi, Ásahreppi/Rangárþingi ytra og hluta af svæði Þingeyjarsveitar. Í jöklinum sjálfum eru m.a. Grímsvötn, virk eldstöð sem jafnvel er talin með þeim allra merkilegustu í jarðsögunni.

Vestursvæðið skiptist í tvö ólík svæði. Annars vegar Lakagíga, sem er gígaröð á 25 km langri gossprungu; upptök Skaftárelda 1783-84. Þeir eru merkilegar minjar á heimsvísu og lífríkið einnig sérstakt. Hins vegar hálendissvæðið norðan Tungnaár og austan Köldukvíslar, upp með jaðri Vatnajökuls norður fyrir Tungnafellsjökul og Vonarskarð. Teygir það sig vestast í Nýjadal og Tómasarhaga á Sprengisandi. Þarna inni á miðhálendinu eru víðáttumiklar auðnir ásamt löngum gossprungum og móbergshryggjum einkennandi. Nyrst á vestursvæðinu trjónir megineldstöðin Tungnafellsjökull með sitt líparít og háhitasvæði og austan hennar, í Vonarskarði, eru vatnaskil milli Norður- og Suðurlands.

Ferðamennska af ýmsu tagi er stunduð á vestursvæði Þjóðgarðsins. Helsta gönguland innan þess er í Lakagígum og Vonarskarði. Hefðbundin landnýting heldur sér frá því sem áður var; hluti svæðisins er nýttur til sauðfjárbætur, en veiði hefur aðeins verið stunduð í litlum mæli. Á vestursvæðinu, sem og annars staðar í Þjóðgarðinum, er áhersla lögð á sjálfbæra landnotkun – með náttúruna í forgrunni – sem styðji við atvinnuuppbyggingu í grannbyggðunum.

### 3. Aðgengi og umferð

#### A. Akvegir og slóðar

##### Núverandi staða

Umferð á vestursvæði Vatnajökulspjóðgarðs er að mestu leyti bundin við sumartímann, en á veturna er þó talsverð umferð jeppa og snjósleða á Jökulheimasvæðinu, norðan Tungnaár.

Á vestursvæðinu eru vegir og slóðar af ýmsum gerðum, allt frá opinberum vegum í umsjá Vegagerðarinnar til slóða sem troðist hafa nokkuð tilviljanakennt. Margir þeirra hafa orðið til vegna smalamennsku eða rannsókna- og landkönnunarferða.

Aðalaðkomuleiðir að vestursvæði þjóðgarðsins eru fimm: Lakavegur (F206), vegur að Jökulheimum, Sprengisandsleið, vegur úr Bárðardal í Tómasarhaga og Gæsavatnaleið/Dyngjufjallaleið. Síðan liggja ýmsar slóðir út frá þessum leiðum, t.a.m. úr Jökulheimum að Svarthöfða, af Sprengisandsleið hjá Hágöngum að Svarthöfða og af Gæsavatnaleið að Gjóstuklifi.

Akstur vélknúinna ökutækja innan þjóðgarðsins er einungis heimill á til þess gerðum vegum í samræmi við merkingar enda séu vegir ekki ófærir vegna aurbleytu né lokaðir samkvæmt ákvörðun Vegagerðarinnar eða þjóðgarðsvarðar. Vert er að geta þess að merkingum er víða ábótavant. Akstur vélknúinna ökutækja utan vega í þjóðgarðinum er almennt óheimill. Á svæðum sem tilgreind eru í viðauka III í reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð er heimilt vegna landbúnaðarstarfa að aka utan vega á landi sem sérstaklega er nýtt sem landbúnaðarland ef ekki hljótast af því náttúruspjöll.

Á öðru landi en tilgreint er í viðauka III, sbr. einnig 26. gr. reglugerðarinnar, er heimilt ef nauðsyn krefur að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við m.a. landgræðslu, vegalagnir, björgunar- og löggæslustörf, rannsóknir og landbúnað enda sé ekki unnt að framkvæma viðkomandi störf á annan hátt. Í slíkum tilvikum þarf að hafa samráð við þjóðgarðsyfirvöld.

Helsta akstursleið inn á Vatnajökul innan marka vestursvæðisins er á Tungnaárjökli við Jökulheima. Yfir sumartímann er einnig mögulegt að fara um Köldukvíslarjökul á leið í Grímsvötn, ekki síst ef Tungnaá er ófær. Ekki hefur verið um reglubundnar ferðir á jökul að ræða en ýmsir aðilar hafa þó skipulagt ferðir um þar. Heimilt er að fara um Vatnajökul á vélknúnum ökutækjum nema á svæðum sem merkt hafa verið til annarra nota. Engar sérstakar takmarkanir hafa verið settar um akstur á jökli innan marka vestursvæðisins.

Bílastæði innan Þjóðgarðs eða skammt frá mörkum hans eru við fossinn Gjallanda (ómerkt), Gjóstuklif, Svarthöfða í Vonarskarði, Jökulheima, Tjarnargíg og Laka, og á Galta en stærð þeirra og staðsetningu þarf að endurmeta með tilliti til umferðar.

### **Framtíðarsýn**

Mikilvægt er að vera viðbúin meiri aðsókn ferðamanna á vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs á næstu árum. Góð skipulagning vegakerfis er öflugt stjórnæki til að stýra umferð frá viðkvæmum svæðum og dreifa álagi um þjóðgarðinn.

Brýnt er að kortleggja alla slóða og vegi, sem liggja í eða að þjóðgarðinum, flokka þá og taka ákvörðun um hverjir eiga að vera opnir fyrir almennri umferð og hvort eigi að loka einhverjum slóðum. Það þarf að gerast í samvinnu við Starfshóp Umhverfisráðuneytisins um vegi og slóða í óbyggðum, sem um nokkurt skeið hefur haft málið með höndum, í því skyni að koma í veg fyrir utanvegaakstur.

Í samstarfi við Vegagerðina þarf að auðkenna þær leiðir sem eiga að vera opnar og gera ferðamönnum ljóst að einungis megi aka um þá vegi og slóða sem merktir eru sem akstursleiðir. Mikilvægt er að merkja skilgreindar akstursleiðir vel, bæði til að fyrirbyggja utanvegaakstur og til að koma í veg fyrir að fólk leggi í erfiða vegi á vanbúnum bílum. Gera þarf greinarmun á slóðum sem krefjast sérútbúinna ökutækja og reynslu annars vegar og þeirra sem færir eru fólksbílum hins vegar, og jafnvel stigskipta.

Lögð er áhersla á að ferðamannavegir og aðrir vegir og slóðar á svæðinu falli sem best að landslagi. Lagt er til að ákveðnir vegir sem eru innan þjóðgarðsins eða liggja að mörkum hans verði skilgreindir sem ferðamannavegir, en slíkir vegir fylgja landinu og eru lítið eitt upphækkaðir. Ekki er almennt gert ráð fyrir því að ferðamannavegir innan vestursvæðis þjóðgarðsins verði lagðir bundnu slitlagi. Ferðamannavegir innan þjóðgarðs og þeir sem liggja að mörkum hans yrðu vel merktir og auðkenndir með merki þjóðgarðsins. Á endastöð yrði bílastæði og, eftir atvikum, útbúinn áningarstaður þar sem aðstöðu, svo sem salerni, væri að finna auk samræmdra og aðgengilegra upplýsinga og fræðslu um svæðið.

Gerð er tillaga um að eftirfarandi slóðar og vegir innan þjóðgarðs og aðkomuleiðir að honum verði skilgreindir sem ferðamannavegir og merktir sem slíkir, með tilheyrandi bílastæðum og annarri aðstöðu eftir aðstæðum; vegurinn frá Ljósufjöllum í Jökulheima, Gæsavatnaleið, vegurinn af Sprengisandsleið að Svarthöfða og hringvegurinn um vestari gígaröð Lakagíga (Lakagígavegur, F207).

Lagt er til að útbúin verði ný eða endurbætt bílastæði við Svarthöfða sunnan Vonarskarðs, við Ljósufjöll að vestan og vestarlega í Nýjadal.

Ef ákveðið verður að heimila akstur vélknúinna ökutækja eftir slóðum á Tungnaáröræfum eða að haustlagi um Vonarskarð milli Gjóstuklifs og Svarthöfða þarf að gera viðeigandi ráðstafanir (sbr. samantekt starfshóps um Vonarskarð og nágrenni).

Lagst er gegn akstursíþróttakeppnum innan marka vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs.

Við akstur sem kann að verða nauðsynlegur vegna mannvirkjagerðar eða annarra starfa utan þeirra svæða sem tilgreind eru í viðauka III þarf að fá samþykki þjóðgarðsyfirvalda. Sérstök aðgát skal viðhöfð við akstur utan vega til þess að draga úr hættu á náttúruspjöllum. Hafa skal fullnægjandi útbúnað til slíks aksturs. Við framangreindar athafnir skal leita leiða til að flytja efni og annað sem til þarf á þann hátt að ekki sé þörf á akstri utan vega.

Á aðalskipulagi Skaftárhrepps er gert ráð fyrir nýrri aðkomuleið að Lakasvæðinu um Þverá. Meta þarf áhrif þeirrar framkvæmdar bæði á náttúru og ferðabjónustu áður en endanleg ákvörðun um byggingu vegarins verður tekin.

### **Vöktun**

Koma þarf upp teljurum á völdum stöðum til að fylgjast með umferð í þjóðgarðinum og meta áhrif hans á viðkomandi svæði.

Gera þarf áætlun um eftirlit með ástandi ferðamannavega og slóða (þ.m.t. að leggja mat á mögulegar skemmdir), sem og á umhverfi þeirra, s.s. lífríki og jarðmyndanir.

Fylgjast þarf með áhrifum aukins fjölda ferðamanna á á upplifun þeirra í þjóðgarðinum, sem og áhrifum á heimamenn.

### **B. Gönguleiðir og brýr**

Til að gefa ferðamanninum tilfinningu fyrir Vatnajökulspjóðgarði sem heild er mikilvægt að gefa út heildarkort yfir þjóðgarðinn sem sýnir vegakerfi, gönguleiðir, hjólastíga og reiðleiðir og hvar er að finna áningarstaði innan hans. Einnig svæðiskort með nákvæmari upplýsingum.

Fyrirhuguð er endurskipulagning og samræming merkinga á öllu þjóðgarðssvæðinu svo þær nái tilgangi sínum betur. Um leið verða núverandi merkingar og táknmyndir aðlagaðar að nýju skilta- og táknmyndakerfi sem unnið er að í samvinnu við Umhverfisstofnun, Ferðamálastofu og Þingvallabjóðgarð til að samræma merkingar á friðlöndum og ferðamannastöðum. Allar nýjar merkingar og skilti verða unnin eftir þeim staðli.

### **Núverandi staða**

Helsta gönguland innan vestursvæðisins er að finna í Lakagígum og Vonarskarði. Innan Lakagíga eru merktar og stikaðar gönguleiðir. Í Vonarskarði er leiðin frá Göngubrún sunnan Eggju vestur Mjóháls í skála Fí er stikuð að hluta. Annars staðar á vestursvæðinu eru gönguleiðir ekki stikaðar.



Engir gönguleiðabæklingar eru til af svæðinu. Á vegum Ásahrepps/Rangárþings ytra er útvistarkort fyrir svæðið norðan Tungnaár í vinnslu.

Skipulagðar gönguferðir hafa verið farnar um Vonarskarð suður Bárðargötu með Síðujökli, frá Bárðargötu vestur að Sveinstindi. Einnig hefur verið farið í gönguferðir frá Laka til suðurs vestan Hverfisfljóts og frá Laka sunnan Síðujökuls í Núpsstaðarskóga.

Stígar á Lakasvæðinu eru viðkvæmir og þarfnast yfirleit mikils viðhalds. Talsvert hefur verið unnið að endurbótum á stígum á hverju sumri en sjálfboðaliðar hafa að mestu leyti séð um þá vinnu.

Engar göngubrýr eru til staðar fyrir göngufólk innan vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs.

Engar reglulegar gönguferðir hafa verið farnar á Vatnajökul innan marka vestursvæðisins.

### **Framtíðarsýn**

Viðhalda ber núverandi heildarsýnd vestursvæðisins og stýra umferð þannig að ágangur skaði ekki land.

Gerðir verðir nýir gönguleiðabæklingar fyrir öll svæði þjóðgarðsins þar sem gönguleiðir verða gráðaðar eftir erfiðleikastigi sem lagt er til í kerfinu. Þar verði m.a. gert ráð fyrir gönguleiðum sem tengja saman rekstrarsvæði.

Huga þarf að gerð og staðsetningu útsýnispalla þar sem þess gæti gerst þörf vegna ágangs, t.a.m. við Laka og jafnvel hverasvæðið í Vonarskarði.

Lagt er að bannað verði að ganga utan merktra göngustíga innan Lakasvæðisins.

Vinsælar dagsferðagönguleiðir verði stikaðar. Lengri gönguleiðir á vestursvæðinu verði almennt ekki stikaðar en þekktar gönguleiðir væru hnitsettar og sýndar á korti í bæklingi þjóðgarðsins með viðeigandi erfiðleikagráðun, þ.e. sem erfiðar, óstikaðar gönguleiðir. Á sérlega viðkvæmum stöðum, svo sem við hverasvæðið í Vonarskarði, um Tvílitaskarð við Skrauta og Lakagígasvæðinu, gæti þó verið ástæða til að merkja og stika gönguleiðir.

Komið verði upp göngubrú eða kláf á Skaftá sem tengi saman Lakagígasvæðið og gönguleiðir vestan Skaftár. Huga þarf vel að staðsetningu brúarinnar/kláfsins þar sem svæðin beggja vegna eru viðkvæm.

Komið verði upp göngubrú yfir Sveðju þar sem hún rennur í þrengingum.

Almennt verði miðað við að setja upp brýr eða kláfa fyrir göngufólk á hættulegustu og/eða fjölförnustu vatnsföllum.

Bæta þarf aðvörunarmerkingar fyrir ferðafólk.

### **C. Reiðleiðir og hjólastígar**

Samkvæmt reglugerð fyrir Vatnajökulspjóðgarð er umferð hesta um þjóðgarðinn einungis heimil á skilgreindum eða merktum reiðleiðum

Leyfi þjóðgarðsvarðar þarf fyrir hópferð á hestum um þjóðgarðinn og getur hann sett skilyrði um ferðamáta í samræmi við ákvæði verndaráætlunar til að tryggja að ekki verði spjöll á náttúru og menningarminjum þjóðgarðsins.

Hvergi eru merktar reiðleiðir innan vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs og ekki hefur verið gerð úttekt á mögulegum reiðleiðum innan þess. Víða eru þó reiðleiðir við jaðar þjóðgarðsins, þ.m.t. gamlar þjóðleiðir, til dæmis sunnan Lakagíga og um Sprengisand vestan Tungnafellsjökuls.

Samkvæmt reglugerð fyrir Vatnajökulspjóðgarð er umferð reiðhjóla heimil á vegum, bílastæðum og merktum reiðhjólaleiðum í þjóðgarðinum en einnig á göngustígum þar sem ekki gilda sérstök bönn við reiðhjólumferð, enda sé full aðgát gagnvart göngufólki viðhöfð.

Hvergi eru merktir hjólastígar á vestursvæði þjóðgarðsins og ekki hefur verið unnið að úttekt á mögulegum hjólaleiðum innan þess.

### **Framtíðarsýn**

Nauðsynlegt er að gera úttekt á mögulegum reið- og hjólaleiðum innan vestursvæðisins.

### **D. Aðgengi fyrir hreyfihamlaða**

Gert er ráð fyrir aðgengi hreyfihamlaðra með aðstoð að Tjarnargíg á Lakasvæðinu, eftir braut sem liggur frá bílastæði að útsýnispalli. Snyrtihúsið við Tjarnargíg gerir enn fremur ráð fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

Ferðafélag Íslands vinnur nú að endurbótum á ferðamannaaðstöðu í Nýjadal til að tryggja aðgengi hreyfihamlaðra.

### **Framtíðarsýn**

Mikilvægt er að vinna áfram að endurbótum á aðgengi og aðstöðu hreyfihamlaðra að vestursvæðinu.

## 4. Aðstaða og afþreying fyrir ferðamenn

### Núverandi staða

Ferðamönnum fjölgar ár frá ári á vestursvæði Vatnajökulspjóðgarðs, bæði á háönn og utan hennar. Þjónusta og aðstaða fyrir ferðamenn hefur að sama skapi eflst bæði innan þjóðgarðs, einkum við Laka, og á jaðarsvæðum hans. Á jaðarsvæðum þjóðgarðsins er mikið úrval gistaða af ólíkum toga, auk veitingastaða. Á svæðinu eru góðar aðstæður til að stunda fjölbreytta afþreyingu allan ársins hring. Umferð ferðamanna í jafnt skipulögðum ferðum sem á eigin vegum er talsverð og ferðamáti ýmiss konar, en erfitt er að slá fram tölum um fjölda, þar sem talningu hefur mjög verið ábótavant. Svo mikið er þó víst að möguleikarnir hafa ekki verið fullnýttir, hvorki að sumri til né vetri. Fjölbreytilegt landslag þjóðgarðsins og jaðarsvæða hans skapar grundvöll fyrir ólíkar tegundir útivistar bæði á hálendi og láglandi.

Engin gestastofa á vegum þjóðgarðsins er til staðar á vestursvæðinu né heldur landvarðastöðvar.

Skaftárhreppur hefur rekið upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn á Kirkjubæjarklaustri og landverðir í Lakagígum, Hólaskjóli, Hrauneyjum og Nýjadal veita upplýsingar til ferðamanna.

Fastir starfsmenn þjóðgarðsins á vestursvæðinu hafa haft skrifstofuaðstöðu á Kirkjubæjarklaustri, sem leigð hefur verið í Kirkjubæjarstofu.

Aðstaða landvarðar á Lakagígasvæðinu er í Blágiljum. Þar er eingöngu gistaðstaða.

Aðstaða fyrir gistingu landvarða hefur verið leigð yfir sumarið í Hólaskjóli, Hrauneyjum og Nýjadal en þar er ekki hægt að tala um formlegar landvarðastöðvar þar sem á þessum stöðum er engin aðstaða fyrir hendi til upplýsingamiðlunar eða fræðslu.

Uppdrættir að deiliskipulagi hafa verið gerðir fyrir Galta, Laka og Tjarnargíg, og einnig Fagrafoss, Hrossatungur og Blágil sem eru utan þjóðgarðsmarka. Deiliskipulag fyrir Blágil hefur verið samþykkt.

Ferðafélag Íslands rekur gistaðstöðu í Nýjadal.

Jöklarannsóknafélag Íslands á tvo skála í Jökulheimum og tvo til viðbótar á Grímsfjalli.

Við Sylgjufell er lítill skáli í einkaeigu.

Innan þjóðgarðsmarka er hreinlætisaðstöðu að finna við Laka (kamar), Tjarnargíg (snyrtihús), í Jökulheimum (kamar), á Grímsfjalli (kamar) og í Nýjadal (snyrtihús og sturtur).

Á jaðarsvæðum þjóðgarðsins eru nokkrir áningarstaðir. Í Hrauneyjum er rekið gistihús og hótél og þar er einnig gangnamannahús frá Ásahreppi/Rangárþingi ytra (Þóristungur) sem nýtt hefur verið til gistingar. Í Blágiljum er snyrtihús og í Hrossatungum kamar. Við Fagrafoss á leið inn í Laka er bílastæði og kamar sem þjóðgarðurinn rekur og kostar að hluta. Til skamms tíma var rekið gistihús í Versölum við Sprengisandsleið. Það er nú á vegum Veiðifélags Holtamannafréttar og er gert ráð fyrir að það verði opið yfir sumarið.

Landvörður í Hólaskjóli hefur séð um snyrtihús í Eldgjá að hluta.

Stangveiðar hafa verið stundaðar innan þjóðgarðsmarka á Lakagígasvæðinu (Lambavatn) og einnig í tjörnum vestan Ljósufjalla. Gæsa- og rjúpnaveiðar eru stundaðar upp að þjóðgarðsmörkum vestan og sunnan Lakagíga.

### **Framtíðarsýn**

Í skýrslu ráðgjafanefndar var gert ráð fyrir byggingu gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs á Kirkjubæjarklaustri. Afar brýnt er að koma þeirri gestastofu upp sem allra fyrst en huga þarf vel að möguleikum á samnýtingu eða samrekstri með annarri skyldri starfsemi, svo sem upplýsinga- og þjónustumiðstöð ferðamála, og jafnvel öðrum rannsókn- og menningarstofnunum á vestursvæðinu. Einnig þarf að skoða möguleg samlegðaráhrif sýningarhalds ólíkra aðila á Kirkjubæjarklaustri.

Þar til gestastofa þjóðgarðsins á Kirkjubæjarklaustri verður tekin í notkun er mælt með samstarfi við upplýsingamiðstöð ferðamála varðandi miðlun upplýsinga og fræðslu um Vatnajökulsþjóðgarð. Mikilvægt er að þeir sem veiti slíkar upplýsingar hafi haldgóða þekkingu á aðstæðum innan alls vestursvæðisins og hafi landvarðarréttindi.

Í skýrslu ráðgjafanefndar er einnig gert ráð fyrir byggingu eða rekstri fjögurra landvörslustöðva innan vestursvæðisins, þ.e. við Laka, Hrauneyjar, í Nýjadal og við Vonarskarð. Á slíkum stöðvum sé móttaka með sýningu, upplýsingaefni og bæklingum, auk vinnuaðstöðu fyrir landverði.

Hvaða Lakasvæðið varðar, er í aðalskipulagi Skaftárhrepps nú gert ráð fyrir þjónustustöð á Galta, með móttöku landvarða og snyrtiaðstöðu fyrir ferðamenn. Þar væri miðlað upplýsingum um náttúrufar svæðisins með sérstakri áherslu á jarðfræði og sögu.

Tillögur að uppbyggingu hinna landvörslustöðvanna þriggja, þ.e. í Hrauneyjum, Nýjadal og við Vonarskarð, hafa ekki enn verið útfærðar og er mikilvægt að það verði gert sem allra fyrst.

Í framtíðinni væri æskilegt að skoða möguleika á byggingu gestastofu á norðurhluta vestursvæðisins.

Starfshópur um Vonarskarð og nágrenni hefur lagt til að komið verði fyrir gönguskálum norðan og sunnan Vonarskarðs og komi þeir í stað skála sem áður hafði verið áformað að reisa í Vonarskarði sjálfu.

Komið hafa fram hugmyndir um að byggja net gönguskála við gönguleiðir svo sem með Bárðargötu en þær hafa ekki verið nánar útfærðar.

Vert væri að kanna möguleika á gerð þjónustusamninga við rekstraraðila um ákveðna grunnþætti þjóðgarðsstarfseminnar á tilteknum stöðum.

Allri umferð um vestursvæði þarf að stýra og gera ráðstafanir til að fjölsóttir áfangastaðir hnigni ekki vegna ágangs. Auk mikilvægis þess að hlífa viðkvæmri náttúru þarf að hafa hugfast að of mikið álag á ferðamannastöðum getur leitt til neikvæðrar upplifunar gesta.

Huga þarf heildstætt að bættri hreinlætisaðstöðu á vestursvæði þjóðgarðsins og við jaðar hans í samvinnu Vatnajökulspjóðgarðs, sveitarfélagsins, Vegagerðarinnar og ferðapjónustuaðila.

## **Vöktun**

Mikilvægt er að mæla og vakta áhrif af stofnun þjóðgarðsins á umhverfi, nærsamfélög og upplifun ferðamanna og endurtaka slíkar rannsóknir með reglulegu millibili til að fá samanburð á milli ára og þar með vísbendingar um þróun mála yfir lengra tímabil.

Brýnt er að setja upp áætlun um talningu ferðamanna og meta hvar og hvenær þörf er á slíkum mælingum. Niðurstöður talninga eru mikilvægar við hvers kyns stefnumótun og áætlanagerð á sviði ferðapjónustu innan þjóðgarðsins og á jaðarsvæðum hans.

Samhliða talningu ferðamanna þarf að gera þolmarkarannsóknir til að varpa ljósi á upplifun ferðamanna og heimamanna, sem og ástand náttúru. Þegar þolmörk hafa verið fundin verður eftirfylgni með stöðu mála markvissara og því auðveldara að grípa inn í ef merki um hnignun gera við sig vart.

Mikilvægt er að niðurstöðum rannsókna, ekki síst á þolmörkum, sé fylgt eftir með viðeigandi aðgerðum.

Vinna þarf forvarnaráætlun fyrir allan þjóðgarðinn sem tekur á forvörnum, viðbrögðum og þjálfun starfsmanna og annarra aðila.

## 5. Upplýsingagjöf og fræðsla

### Núverandi staða

Í dag er upplýsingagjöf á vegum Vatnajökulsþjóðgarðs á vestursvæðinu á fimm stöðum yfir sumartímann; í upplýsingamiðstöðinni á Kirkjubæjarklaustri og hjá landvörðum við Lakagíga, í Hólaskjóli, Hrauneyjum og Nýjadal. Yfir veturinn hefur verið hægt að leita upplýsinga um þjóðgarðinn á skrifstofu hans í Kirkjubæjarstofu og hefur talsvert verið þangað leitað, einkum síðari hluta vetrar.

Skipulagt fræðslustarf hefur ekki farið fram innan þjóðgarðsins sjálfs. Starfsmenn hans hafa miðlað fræðslu inn í Kirkjubæjarskóla á Síðu, auk þess nemendur hans hafa farið í vettvangsferð inn í Laka þriðja hvert ár. Þá hafa starfsmenn vestursvæðisins miðlað fræðslu um svæðið til verðandi leiðsögumanna.

Starfsmenn þjóðgarðsins hafa einnig tekið á móti námshópum, aðallega erlendum, í Laka.

Bæklingar, fræðslu- og upplýsingaskilti gegna þýðingarmiklu hlutverki í fræðslu og upplýsingagjöf.

Unnið er að því í samvinnu við Umhverfisstofnun, Ferðamálastofu og Þingvallapjóðgarð að samræma merkingar á friðlöndum og ferðamannastöðum og verða merkingar og skilti unnin eftir þeim staðli. Mikilvægt er að velja staði fyrir fræðslu af kostgæfni og einnig þær upplýsingar sem fram eiga að koma á hverjum stað. Nefna má að þeir staðir sem bílastæði eru fyrirhuguð á eru sjálfgefin fyrir fræðsluskilti.

Útbúinn hefur verið sérþæklingur um Laka, en bæklingar um aðra hluta vestursvæðisins eru ekki fyrir hendi.

Þjóðgarðsmerki var sett upp við Laka s.l. sumar. Fleiri slík merki verða væntanlega tilbúin til uppsetningar sumarið 2010.

Engin eiginleg fræðsluskilti hafa verið sett upp á vegum þjóðgarðsins innan vestursvæðis.

### Framtíðarsýn

Á vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs starfi sérfræðingur í upplýsinga- og fræðslumálum sem sjái m.a. um starfrækslu náttúruskóla, móttöku skólahópa og hönnun fræðslu- og kennsluefnis fyrir ólíka hópa þjóðgarðsgesta, í nánú samstarfi við þekkingar- og fræðslustofnanir í grannbyggðum þjóðgarðsins.

Innan þjóðgarðsins starfi jafnframt sérfræðingar sem séu í samstarfi við helstu aðila sem stunda rannsóknir í þjóðgarðinum og annist m.a. miðlun upplýsinga um rannsóknaniðurstöður til gesta þjóðgarðsins (sjá nánar k. 8).

Heimasíða Vatnajökulsþjóðgarðs verði notendavæn og helstu upplýsingar um þjóðgarðinn verði þar aðgengilegar. Einnig væri vert að koma upp veflægum gagnagrunni sem geymir upplýsingar um rannsóknir tengdar þjóðgarðinum.

Þar til gestastofa þjóðgarðsins á Kirkjubæjarklaustri hefur verið tekin í notkun þarf að gera ráð fyrir miðlun upplýsinga til ferðamanna allan ársins hring. Um slíkt gæti t.d. verið samvinna við upplýsingamiðstöðina á Kirkjubæjarklaustri, enda er aðgangur að upplýsingum eitt af frumskilyrðum fyrir lengingu ferðamannatímans. Bæta þarf við starfsfólki svo að slíkt sé framkvæmanlegt.

Kanna ætti möguleika á samstarfi við upplýsingamiðstöð ferðamála á Hellu um miðlun upplýsinga um þjóðgarðinn, með líkum hætti og ráðgert er á Kirkjubæjarklaustri. Einnig ætti að kanna möguleika á miðlun upplýsinga til ferðamanna í Hrauneyjum allt árið um kring.

Samræma þarf upplýsingagjöf fyrir Vatnajökulsþjóðgarð og því er mikilvægt að starfsmenn fái þjálfun í upplýsingamiðlun, t.d. í formi námskeiðs. Starfsmenn þjóðgarðsins þurfa einnig að þekkja vel til í þjóðgarðinum og í grannbyggðum hans og geta leiðbeint um gönguleiðir og afþreyingar- og gistimöguleika bæði innan þjóðgarðs og utan.

Halda þarf kynningarnámskeið um þjóðgarðinn fyrir starfsfólk upplýsingamiðstöðva, ferðaþjónustuaðila og aðra áhugasama.

Í allri upplýsingamiðlun á vegum þjóðgarðsins verði hugað að möguleikum á því að beita nýjustu tækni, s.s. með miðlun upplýsinga í gegnum síma (podcast).

Gera þarf áætlun sem allra fyrst um gerð bæklinga og fræðsluskilta um vestursvæði þjóðgarðsins og einstök svæði innan eða í nágrenni hans, í samstarfi við sveitarfélög, ferðaþjónustuaðila og aðra sem málið varðar.

Sett verði upp upplýsinga- og fræðsluskilti við aðkomuleiðir inn í þjóðgarðinn. Leita þarf uppi og lagfæra úrelt skilti um þjóðgarðinn, t.d. á Kirkjubæjarklaustri, í Fljótshverfi og við Hrauneyjar.

Forvarnaráætlun þjóðgarðsins verði sýnileg á upplýsingamiðstöðvum og þjónustumiðstöðum.



## **Vöktun**

Gera þarf kannanir á meðal gesta þjóðgarðsins um upplifun þeirra og fylgjast þannig með hvað er vel gert í þjóðgarðinum og hvað má betur fara. Leita sérstaklega eftir skoðunum gesta á fræðslumálum og upplýsingagjöf, svo sem varðandi framsetningu fræðsluefnis og aðgengi að því.

## 6. Landnotkun

Náttúruvernd er ein tegund landnýtingar, líkt og landbúnaður, skógrækt, orkuvinnsla, ferðapjónusta, veiði og efnistaka. Hver tegund landnýtingar setur öðrum gerðum ákveðnar skorður. Markmið náttúruverndar innan þjóðgarða er yfirleitt ekki algjör friðun, þótt slík friðun geti verið æskileg eða nauðsynleg á afmörkuðum svæðum innan þeirra. Alla jafnan miðast náttúruverndaraðgerðir við að skilgreina ákveðnar umgengnisreglur sem ætlað er að tryggja að önnur nýting svæðisins, t.d. vegna ferðapjónustu eða landbúnaðar, sé sjálfbær og gangi ekki gegn markmiðum þjóðgarðsins með því t.a.m. að skaða það lífríki, jarðmyndanir eða menningarminjar sem þjóðgarðinum ber að varðveita og hlúa að.

Landnotkun og skipulag í Vatnajökulsþjóðgarði miðar að því að vernda ásýnd, menningarlandslag og vistkerfi svæðisins og stuðla jafnframt að ánægjulegri dvöl þeirra sem heimsækja þjóðgarðinn. Höfuðforsendur skipulags og uppbyggingar í þjóðgarðinum eru þær að land þar fái að halda svip sínum og sérkennum, menningarminjar og jarðmyndanir njóti verndar og að vistkerfi og lífríki fái að þróast eftir eigin lögmálum, án afgerandi áhrifa mannsins.

### **Núverandi staða**

Hefðbundin landnýting er heimil alls staðar innan marka vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, skv. viðauka III í reglugerð þjóðgarðsins. Sauðfjárbætt á svæðinu verður þó að vera sjálfbær og má ekki fara yfir beitarpól landsins. Á fyrrnefndum svæðum mega bændur smala sauðfé á hestum eins og verið hefur. Einnig mega þeir aka utanvegar við smölun og önnur landbúnaðarstörf, svo fremi að þeir valdi ekki náttúruspjöllum.

Sauðfé hefur verið beitt innan þjóðgarðsmarka í nokkru mæli á Lakasvæðinu en fjárfjöldi hefur farið minnkandi á undanförunum árum, í samræmi við landbóta- og landnýtingaráætlun sauðfjorbænda og Landgræðslu ríkisins. Sem hluta af þessum aðgerðum hefur sauðfjárbætt verið aflögð á svæði við Lakagíga.

Norðan Tungnaár, á vestursvæði þjóðgarðsins, er ekki beitiland en stöku flökkukind hefur slæðst þangað.

Stangveiði í vötnum og ám er leyfð hvarvetna á vestursvæði þjóðgarðsins en er ekki mikið stunduð, enda lítið um slíka veiði innan svæðis. Einhver veiði hefur verið í Lambavatni á

Lakagígasvæðinu. Einhverjum lantum úr Veiðivötnum var sleppt í tjarnir vestan Ljósufjalla fyrir nokkrum árum síðan, en að því að best er vitað náðu þær sér ekki á strik þar.

Veiðar á gæsnum og rjúpum eru heimilar á vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs, skv. almennum ákvæðum laga þar að lútandi. Í reglugerð 608/2008 um stofnun Vatnajökuls er þó sérstaklega tekið fram að veiðar og notkun skotvopna eru ekki leyfðar á jöklinum.

Minkaveiðar eru heimilaðar í þjóðgarðinum, skv. lögum um hann nr. 608/2008. Er það í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og reglugerð nr. 437/1995 um refa- og minkaveiðar með síðari breytingum.

### **Framtíðarsýn**

Gert er ráð fyrir að hefðbundin nýting, s.s. sauðfjárbætur og veiðar, verði heimiluð með óbreyttum hætti. Áfram þarf að vakta svæðið m.t.t. beitarþols eins og verið hefur.

Refaveiðar er gert ráð fyrir að verði áfram óheimilar og minkaveiðar heimilar, í samræmi við lög og reglugerðir.

Gera þarf úttekt á öllum efnistökusvæðum á vestursvæði þjóðgarðsins, taka myndir af þeim og hnitsetja þau. Við hverskyns fyrirhugaða efnistöku skal hafa samráð við þjóðgarðsyfirvöld. Áður en leyfi til efnistöku í almannapágu verður veitt skal kortleggja fyrirhugað efnistökusvæði og meta verndargildi jarðminjanna á því svæði.

Verði frekari efnistaka leyfð, þarf að henni lokinni að ganga þannig frá efnistökusvæðum að þau séu sem minnst áberandi í landslaginu.

### **Vöktun**

Kanna þarf hvaða áhrif sauðfjárbætur og veiðar hafa á einstökum svæðum innan þjóðgarðsins. Meta þarf beitarþol svæða gagnvart sauðfjárbætur, svo og áhrif veiða á stofnstærð einstakra dýrategunda, og vakta hvorttveggja með reglulegum og kerfisbundnum hætti.

Áður en leyfi til efnistöku í almannapágu verður veitt þarf að kortleggja fyrirhugað efnistökusvæði og meta verndargildi jarðminja þar. Eftir að efnistöku er lokið þarf að ganga úr skugga um að frágangur efnistökusvæða sé ásættanlegur.

## 7. Jarðfræði og vatnafar

### A. Jarðfræði

#### Núverandi staða

Svæðið vestan við Vatnajökul, ásamt stórum hluta jökulsins, liggur á gosbelti Íslands. Helstu megineldstöðvar á svæðinu eru Tungnafellsjökull, Hamarinn, Bárðarbunga, Grímsvötn og Þórðarhryna. Gígaraðir innan Þjóðgarðsins og á jaðarsvæðum hans tengjast hugsanlega þessum eldstöðvum.

Í og í grennd við jökulinn má finna nokkur virkustu eldstöðvakerfi landsins. Bárðarbunga er miðja eldstöðvakerfis sem teygir sig um Veiðivötn, Vatnaöldur og Heljargjá allt norðaustur að Trölladyngju.

Gosbeltið vestan Vatnajökuls milli Tungnaár og Köldukvíslar einkennist af löngum gossprungum og móbergshryggjum sem stefna frá suðvestri til norðausturs. Móbergsmýndanir og langar gígaraðir á gosbeltinu og eru mjög áberandi í ásýnd landslags á vestursvæði. Þær eru fjölbreyttar að uppbyggingu og útliti og finna má allar gerðir móbergsmýndana.

Milli þeirra eru dalir og sléttur og er landið þakið hraunum og vikursöndum með stöðuvötnum og fallvötnum. Hryggirnir rísa 100-400 m yfir landið í kring sem liggur í 600-650 m hæð yfir sjávarmáli. Fjöldi móbergshryggja bera vitni um eldgos undir jökli á síðari hluta ísaldar og einnig er að finna þar óvenju margar vel varðveittar gíggerðir og bergfræði gosmýndana er mjög áhugaverð. Nokkrar jarðmýndanir á svæðinu geta talist merkar á bæði lands og heimsvísu.

Hraun frá nútíma, hafa runnið úr austurgosbeltinu til suðurs og suðausturs niður eftir dalverpum og út á sandana. Um 35 gosmýndanir frá nútíma hafa verið greindar á svæðinu. Þær merkustu er Tungnaárhraun (10 forsöguleg hraun), Vatnaöldur frá um 871, Eldgjárhraun frá um 934, Veiðivatnahraun frá 1477 og Skaftáreldahraun frá 1783 – 1784. Yngsta gosmýndunin á svæðinu er Tröllahraun sem rann frá Tröllagígum 1862 – 1864. Tunguhraun frá gígnum Bokka og hins vegar gígaröðin Dvergar sem hefur ákveðna sérstöðu vegna óvenjulegrar austur – vestur stefnu sinnar og mjög takmarkaðs hraunrennslis.

Nyrst á vestursvæðinu trjónir megineldstöðin og fjallabákurinn Tungnafellsjökull með kraga af lægri fellum og ásum allt í kring. Í skarðinu liggja vatnaskil milli Norður- og Suðurlands. Þar renna syðstu upptök Skjálfafljóts til norðurs og nyrstu upptök Köldukvíslar til suðurs.

Líparít er að finna í Tungnafellsjökli og nágrenni og talsverður jarðhiti kemur fram sem gufuhverir við líparítfjallið Skrauta og sem vatnshverir og laugar í austurhlíðum fjallabálksins og í Vonarskarði. Tvö háhitasvæði sem tengjast megineldstöðvum eru að finna á svæðinu. Annað þeirra er allvíðáttumikið, um 30 km<sup>2</sup>, að stærð í 940-1280 m h.y.s. í Vonarskarði.

Á austurgosbeltinu vestan við Vatnajökul er að finna margar sjaldgæfar og sérstæðar jarðmyndanir og landslagsheildir. Langar gossprungur sem stefna frá suðvestri til norðausturs einkenna eldvirknina á þessu svæði - þetta eru stórfenglegustu móbergshryggir landsins og hryggi af þessu tagi er ekki að finna annars staðar á jörðinni. Lakagígar eru innan þessa beltis.

Tungnárhraunagígar eru gossprungusvæði sem markast af Krókslóni og Þórisvatni að vestan og Vatnaöldum að austan. Gígasvæðið teygir sig suðvestur yfir Tungnaá inn í Friðland að Fjallabaki og til norðausturs að Gjáfjöllum. Gígarnir eru flestir af klepragígagerð og mynda raðir sem eru allt að 20 km á lengd. Þetta er upptaksvæði Tungnár hrauna sem nú eru talin vera 10 talsins og 2000-9000 ára gömul. Rúmtak elsta hraunsins er talið vera um 25 km<sup>3</sup> og það er því stærsta hraun sem kunnugt er um frá nútíma á Íslandi. Norðaustan til á gígasvæðinu er Heljargjá, mikilfenglegur sigdalur sem sker Gjáfjöllin. Saxi, Fontur og Máni, sem eru um miðbik gígasvæðisins, eru vel varðveittir sprengigígar af hverfjallagerð. Þetta gígasvæði er merkt á landsvísu.

### **Framtíðarsýn**

Einstök jarðfræði og stórbrotin náttúrufegurð gerir svæðið áhugavert fyrir bæði vísindamenn og ferðamenn. Til að geta viðhaldið jarðfræðilegri fjölbreytni er nauðsynlegt að hafa greinargóðar upplýsingar um m.a. berggrunn, jarðmyndanir og landmótun. Þó að margar jarðfræðirannsóknir hafi verið gerðar á svæðinu vantar mikið af grunnupplýsingum. Brýnt er að bæta úr því og æskilegt er að gera nákvæmt jarðfræðikort, höggunarkort og landmótunarkort.

Nauðsynlegt er að taka tillit til viðkvæmra jarðmyndana við uppbyggingu og skipulag í þjóðgarðinum.

Æskilegt er að hlífa viðkvæmum svæðum fyrir ágangi ferðamanna með aukinni uppbyggingu göngustíga og lokun á óæskilegum stígum. Einnig er brýnt að draga úr utanvegakstri, með góðum merkingum, auknu eftirliti og fræðslu til ferðamanna um reglur um akstur í náttúru Íslands.

Efla þarf fræðslu um jarðfræði í Þjóðgarðinum, meðal annars með því að útbúa fræðslustíga, fræðslubæklinga og upplýsingaskilti um jarðfræði. Einnig ætti að skoða möguleika á notkun nýrra miðlunarleiða, s.s. í gegnum lófatölvur eða farsíma.

Leita ætti eftir frekara samstarfi við Jökklarannsóknafélag Íslands um að koma upplýsingum um hreyfingar jökla á framfæri við almenning.

## **Vöktun**

Gera þarf ítarlega úttekt á jarðminjum í Þjóðgarðinum; fá upplýsingar um núverandi ástand þeirra og ákveða hvaða jarðminjum stafar mest hættu af auknum ágangi ferðamanna

Fylgjast þar reglulega með ástandi þeirra og meta hvort aðgerðir til verndunar jarðminja beri tilætlaðan árangur.

## **B. Vatnafar**

### **Núverandi staða**

Vatnafar á vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs hefur töluvert verið rannsakað vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda. Til er grunnvatnslíkan og gróft vatnafarskort af svæðinu. Landsvirkjun kostar nær allar rannsóknir á svæðinu norðan Skaftár (og þá Tungnaár) og að Þjórsá í vestri, en það er allt einskonar miðlunarlón fyrir rekstur Landsvirkjunar og því fylgst vel með stöðu grunnvatns. Heildar (yfirborðs-) vatnafarskort af svæðinu milli Skaftár og Þjórsár upp til Vonarskarðs er í smíðum.

Fylgst er með úrkomu á nokkrum stöðum innan svæðisins og í næsta nágrenni þess. Vatnamælingasvið Veðurstofunnar heldur utan um efnavöktunarkerfi vegna jökulhlaupa og flóða frá eldsumbrotum í Vatnajökli.

Mjög úrkomusamt er á hálendinu sunnan og suðvestan við Vatnajökul. Meðalársúrkoma á Kirkjubæjarklaustri á árunum 1961-2000 var 1641 mm. Úrkoman eykst þegar komið er inn á fjöll og er þar á bilinu 2000-3000 mm á ári.

Kaldakvísl á meginupptök í Köldukvíslarjökli en teygir sig allt frá vatnamótum Norður- og Suðurlands við Deili í Vonarskarði að Hamarslóni. Sveðja kemur að mestu úr Köldukvíslarjökli og Sylgja undan Sylgjujökli, en sú síðastnefnda hverfur fljótlega í hraun og sprungur Heljargjár. Tungnaá á upptök í Tungnaárjökli og er hún ein vatnsmesta jökulá landsins. Frumupptök Skaftár eru í Tungnaárjökli og Skaftárjökli. Hverfisfljót kemur undan vestanverðum Síðujökli í mörgum kvíslum en Brunná og Djúpa koma undan honum austanverðum. Vestur- og Mið Bergvatnsá koma undan ónefndum skriðjökli enn austar.

Mikið lindavatn rennur til Skaftár af hraunasvæðum vestan við Lakagíga og á veturnum er það eina vatnið í Skaftá. Drjúgur sopi er einnig í kvíslum á Fremri Eyrum og við Laufbalavatn austan Lakagíga.

Grunnvatnsstraumar frá Vonarskarði og suður um Tungnaáröræfi eru ansi völdugir. Talsvert rennur um hraunin beint í Þórisvatn og stór hluti kemur upp í Veiðivötnum. Fjölmargar lindir renna í Tungnaá; þær helstu eru Lónakvísl og Faxakvíslar úr austri, Vatnakvísl (úr Veiðivötnum) úr norðri, Blautakvísl (rennur nú beint í Krókslón; líka úr norðri). Mikið lindavatn kemur í ána nærri Jökulheimum á báðum bökkum ár svo nokkuð sé nefnt.

Í Grímsvatnaöskjunni eru Grímsvötn, eitt afkastamesta jarðhitasvæði landsins, ef ekki það allra afkastamesta, hulin jökulís. Úr þeim hljóp reglulega til austurs, en um Gjálpargos 1996 létu þau af þeim sið. Eftir það hefur vatn lekið fram þessa sömu leið.

Í Hamarskrika eru jökullón. Þá er eitt stærsta jökullón landsins, Grænalón, stíflað uppi af jöklinum undir Grænafjalli við Skeiðarárjökul, í landi Núpsstaðar, rétt utan Þjóðgarðsins.

Austurendi Langasjávar, eins stærsta stöðuvatns landsins, liggur upp undir Tungnaárjökul. Langisjór var í beinum tengslum við jökulinn fram um 1965 en þá hætti vesturkvísl Skaftár að renna beint í stöðuvatnið og náði að komast austur fyrir Fögrufjöll án viðkomu í því. Eftir það er eina vatnið sem í Langasjó rennur úrkoma og smáræði í læk á norðanverðri vesturströnd vatnsins.

Tvö háhitasvæði sem tengjast megineldstöðvum er að finna á svæðinu. Annað þeirra er allvíðáttumikið, um 30 km<sup>2</sup> að stærð, í Vonarskarði. Talsverður jarðhiti kemur fram sem gufuhverir, vatnshverir og laugar í austurhlíðum Tungnafellsjökuls. Hitt háhitasvæðið er utan Þjóðgarðsmarka, þ.e. á Köldukvíslareyrum sem nú eru undir Hágöngulóni. Undir norðanverðum Tungnaárjökli, sunnan Hamarsins, eru Skaftárkatlar en úr þeim hvorum um sig hleypur á u.þ.b. tveggja ára fresti. Í börmum Grímsvatnaöskjunnar er jarðhiti.

Hafa ber í huga að Vatnajökull er mikilvægt vatnsforðabúr og að mengun á jöklinum skilar sér með tímanum á láglandi. Vatnakerfin eru ómenguð að því að best er vitað; frekar gætir þar mengunar af náttúrulegum orsökum á borð við silt úr jökulám og afrennsli jarðhitasvæða. Núverandi umferð jeppa og sleða er ekki mikil mengunarvá því hvert eitt tæki ber ekki því líkt magn með sér. Umferð ökutækja er lítil þegar á heildina er litið en sumir dagar skera sig þó úr. Svæðið er erfitt yfirferðar og það ver sig nokkuð vel enn sem komið er

## **Framtíðarsýn**

Brýnt er að rannsaka vatnafar alls svæðisins og ljúka gerð nákvæms vatnafarskorts fyrir það.

Mikilvægt er að koma í veg fyrir að starfsemi og framkvæmdir í þjóðgarðinum og á jaðarsvæðum hans hafi neikvæð áhrif á vatnafar.

## **Vöktun**

Nú þegar er fylgst með sólarhringsúrkomu á tveimur stöðum innan þjóðgarðsmarka (í Veiðivatnahrauni og Jökulheimum). Veðurstofan mælir rennsli og efnasamsetningu nokkurra áa á svæðinu. Æskilegt væri að fylgjast með gæðum vatns og hugsanlegri mengun þess. Það þarf sérstaklega að hafa í huga ef umferð vélknúinna ökutækja eykst til muna frá því sem nú er.



## 8. Vistkerfi og lífríki

### A. Náttúrlegt vistkerfi

#### Núverandi staða

Rannsóknir á lífríki svæðisins eru mislangt á veg komnar. Á árunum 2000 – 2001 gerði Náttúrufræðistofnun rannsóknir á gróðurfari, fuglum og smádýrum á efri hluta afréttar Skaftártungu og Síðumanna (m.a. við Laka) í tengslum við flokkun og rannsóknir á íslenskum vistgerðum. Náttúrufræðistofnun stóð einnig fyrir rannsóknum á gróðurfari og fuglalífi á háhitasvæðinu í Vonarskarði sumarið 2007. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á dýralífi á svæðinu vestan við Vatnajökul en rannsókn á vistgerðum ásamt fiskirannsóknum Veiðimálastofnunar í ám og vötnum eru líklega viðamestu dýralífsrannsóknirnar sem gerðar hafa verið á svæðinu.

Syðri hluti vestursvæðisins er nokkuð vel gróinn og einkennist af víðáttumiklum mosagróðri sem er tilkominn vegna mikillar úrkomu og gegndræpni berggrunnisins. Þegar norðar dregur og nær jöklinum minnkar gróðurinn og sandar, hraun og lítt grónir melar verða ríkjandi. Auðnir einkenna svæðið vestan og norðan við Tungnaá, þar er að mestu að finna lítt eða ógróna sanda, mela og hraun innan um grýtt fjalllendi og jökulurðir. Samfellda gróðurþekju er einkum að finna suðvestan við Tungnafellsjökul; í Nýjadal og Tómasarhaga.

Efri hluti Síðumannaafréttar einkennist af mosagrónu Skaftáreldahrauni og Lakagígaröðinni. Þar er þó einnig að finna víðáttumikil ógróin og sandorpin hraun og næst jöklinum er talsvert af lítt eða ógrónum leirum, vikrum, melum og jökulurðum.

Útbreiðsla háplantna hefur verið skráð á öllu svæðinu, byggð á 10 x 10 km reitakerfi sem Náttúrufræðistofnun Íslands notar við slíka skráningu um allt land. Innan marka vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs er svæðið í kringum Tungnafellsjökul lang ríkast af sjaldgæfum háplöntutegundum, auk þess að vera almennt nokkuð tegundaauðugt hvað háplöntur varðar. Sjaldgæfar háplöntutegundir vaxa á aðeins tveimur öðrum stöðum innan vestursvæðisins eða í næsta nágrenni þess, þ.e. við Ljósufjöll og Blágil,

Þau svæði sem einkum skera sig úr hvað tegundaauðgi og fágæti mosategunda og fléttutegunda varðar eru Lakagígasvæðið og Tungnafellsjökull, Lakagígasvæðið einkennist enn fremur af hinni sjaldgæfu vistgerð breiskjuhraunavist.

Á svæðinu vestan við Vatnajökul hafa fundist a.m.k. tólf tegundir fugla á válista og eru a.m.k. sjö þeirra árvissar varptegundir. Á afrétti Síðumanna verpa eða halda til nokkrar tegundir fugla er teljast til ábyrgðartegunda en engin þeirra verpir þó þar í svo ríkum mæli að það teljist hafa umtalsverða þýðingu fyrir viðkomandi stofn..

Fuglalíf var rannsakað á Síðumannafrétti á árunum 2000-2001 og er það nánast eina rannsóknin sem gerð hefur verið á fuglalífi á því svæði. Alls hefur verið skráð 21 tegund fugla á athugunarsvæðinu við Laka, þar af 18 sem eru staðfestir varpfuglar en þrír líklegir varpfuglar. Líklegt er að fleiri tegundir verpi á svæðinu þar sem það hefur lítið verið kannað.

Fuglalíf hefur lítið verið rannsakað á nyrsta hluta svæðisins nema á háhitasvæðunum í Vonarskarði og Köldukvíslarbotnum en þar er þekkingin á fuglalífi samt sem áður ekki mikil.

Mjög takmarkaðar rannsóknir hafa verið gerðar á smádýralífi á svæðinu vestan við Vatnajökul. Þær rannsóknir sem hafa farið fram benda þó til þess að smádýralíf sé frekar snautt miðað við önnur svæði. Þrjá tegundir smádýra, sem talist geta sjaldgæfar á landsvísu, finnast í breiskjuhraunavistinni við Laka.

Lítið er vitað um útbreiðslu og stofnstærðir refa og minka á vestursvæðinu. Minkur hefur sést við Laka.

Urriði var einráður í Tungnaá og aðliggjandi vötnum fram á sjöunda áratuginn þegar bleikju var sleppt í vötn sem tengjast Tungnaá og gengt er í. Í Lambavatni við Laka finnst bleikja sem sennilega var sleppt í það.

Gæsaveiðar hafa verið stundaðar í einhverjum mæli á Lakasvæðinu. Innan þjóðgarðsins eru veiðar á fuglum einungis heimilar á svæðum þar sem hefðbundin landnýting er heimil skv. 26. gr. reglugerðar um Vatnajökulspjóðgarð. Um veiðarnar gilda ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og reglugerða sem á þeim byggja.

## **Framtíðarsýn**

Lífverur og vistkerfi innan þjóðgarðsins fá að þróast eftir eigin lögmálum.

Gerð verði ítarleg útbreiðslukort fyrir gróður, villt dýr og fugla.

Sérstök áhersla verði lögð á rannsóknir á fléttum, sveppum og mosa, svo og á vistgerðir á svæðinu og gróðurframvindu.

Rannsaka ætti lífríki og gróðurframvindu á Pálsfjalli og öðrum jökulskerjum á vestursvæðinu.

Greind verði þau svæði þar sem umferð gesta gæti haft áhrif á gróður og dýralíf, t.d. varp fugla, og umferð stýrt í samræmi við það.

## **Vöktun**

Móta þarf heildstæða rannsóknáætlun fyrir vestursvæði þjóðgarðsins til að stuðla að markvissum rannsóknum á náttúrufari. Ákveðnir þættir eru, enn sem komið er, lítið eða ekkert rannsakaðir þannig að stórar eyður eru í þekkingu á náttúrufari svæðisins.

Mikilvægt er að Vatnajökulsþjóðgarður sinni vöktunarverkefnum á náttúrufari. Nú þegar taka starfsmenn hans á vestursvæðinu þátt í verkefni um blómgunartíma plantna í samvinnu við Háskóla Íslands (Sóleyjarverkefnið).

Kanna þarf umfang fuglaveiða innan vestursvæðis þjóðgarðsins.

## **B. Framandi og/eða ágengar tegundir lífvera**

### **Núverandi staða**

Útbreiðsla og stofnstærð minks á vestursvæðinu eru ekki þekktar. Veiðar á mink eru heimilar alls staðar innan þjóðgarðsins en ekki er vitað til þess að minkaveiðar hafi verið stundaðar á vestursvæðinu.

Á síðustu öld var alaskalúpínu sáð eða plantað á litlu svæði í grennd við skála Jökларannsóknarfélag Íslands í Jökulheimum. Fram á síðustu ár hefur hún ekki þroskað fræ, en með hlýnandi veðurfari má gera ráð fyrir breytingu þar á. Mikilvægt er að uppræta þessa lúpínu áður en hún fer að dreifa úr sér.

Alaskalúpínu er einnig að finna í gili sunnan Skrokköldu á Sprengisandi, sem þekkt er fyrir miklar eyrarrósarbreiður, á grannsvæði þjóðgarðsins. Þjóðgarðsstarfsmenn hófu hreinsunarstarf á henni sumarið 2009.

Lúpínu var sáð í mel við Fremri Geirlandsá. Svæðið er afgirt og hefur sauðfé haldið henni í skefjum utan þess.

Á vegum stofnana Umhverfissráðuneytisins hafa nýlega verið lögð drög að aðgerðaráætlun um upprætingu lúpínu ofan 500 metra hæðarlínu.

### **Framtíðarsýn**

Unnin verði aðgerðaáætlun um útrýmingu lúpínu innan og á jöðrum þjóðgarðsins og henni fylgt eftir af starfsmönnum hans.

**Vöktun**

Fylgjast þarf náið og reglulega með árangri aðgerðaráætlunar um upprætingu lúpínu næstu 30 árin og fjarlægja alla lúpínu sem skýtur upp kollinum.

## 9. Menningarminjar og menningarlandslag

### Núverandi staða

Eitt af yfirlýstum markmiðum Vatnajökulþjóðgarðs er að vernda menningarminjar, eins og fram kemur bæði fram í lögum og reglugerð um garðinn. Menningarminjar geta verið að margvíslegum toga, t.d. búsetuminjar, eyðibýli, forn bæjarstæði, kirkjugarðar, grafreitir, bænhús, samgönguminjar, svo og minjar sem tengjast landbúnaði, sjósókn eða öðrum atvinnuvegum. Til menningarminja mætti einnig telja þjóðsögur og sagnir.

Hið hrjóstruga og afskekkt eldfjallaland, sem einkennandi er fyrir vestursvæði Vatnajökulþjóðgarðs, var öldum saman lítt kunnugt og jafnvel óþekkt með öllu. Inn á gróðurlaus öræfi átti enginn erindi lengi vel og því er fátt um menningarminjar á svæðinu. *Landnáma* segir þó frá búferlaflutningum Bárðar landnámsmanns í Bárðardal, suður svokallaða Bárðargötu að Núpum í Fljótshverfi. Frásögnin er stutt og af henni er ómögulegt að fá nákvæma vitneskju um leiðina en um Vonarskarð hefur hún legið og að líkindum norðan Langasjávar. Það var fyrst á nítjándu öld að menn tóku að kanna öræfin með skipulegum hætti og þegar á tuttugustu öldina leið hófu þeir fara þangað sér til skemmtunar.

Engar skráðar fornleifar eru innan vestursvæðis þjóðgarðsins að því frátöldu að í Nýjadal er rétt sem „virðist að miklu leyti vera náttúrlegt aðhald, mynduð úr sorfnum klöppum“, eins og segir í skýrslu Fornleifastofnunar um minjarnar.

Við Jökulheima og norðan þeirra er að finna tvær merktar vörður, sem munu hafa verið notaðar sem grunnpunktar í sporðamælingum Tungnaárjökuls uppúr miðri 20. öldinni. Út frá þeim var svo varðað í línu við jökulinn, eftir því sem hann hropaði. Fleiri vörður hafa bæst við síðar, og þá sem vegamerki með Bárðargötu að Vonarskarði.

Skráning menningarminja á vestursvæðinu er ábótavant. Engin heildarskráning fornleifa hefur farið fram í Skaftárhreppi en á stöku stað í byggð hafa verið gerðar fornleifaskráningar og jafnvel rannsóknir, gjarnan í tengslum við framkvæmdir ýmiss konar. Í Ásahreppi/Rangárþingi ytra hafa fornleifar verið skráðar, staðsettar með gps-hnitum og teiknaðar upp. Stefna Þingeyjarsveitar er að ljúka formlegri skráningu og leggja mat á ástand og gildi friðlýstra fornleifa, en eftir því sem næst verður komist eru engar slíkar á þeim hluta vestursvæðis þjóðgarðsins sem er innan marka Þingeyjarsveitar

Engin gestamiðstöð er enn risin á vestursvæði þjóðgarðsins og því hefur fræðsluefni um menningarminjar á vegum hans ekki verið útbúið. Í Kirkjubæjarstofu hafa frá árinu 2001 verið sýningar m.a. um Skaftárelda; “Á slóðum Skaftárelda – eldfjall – maður – náttúra”. Í Hrauneyjum hefur einnig verið sýning um fyrstu ferðir á bílum yfir Sprengisand. Nýlega var

stofnað félagið Fótspor – félag um sögu og minjar í Skaftárhreppi. Tilgangur þess er að stuðla að varðveislu menningarminja í Skaftárhreppi.

Ekki er talið að sérstakar hættur steðji að menningarminjum á vestursvæði Þjóðgarðsins umfram það sem gerist annars staðar á landinu, svo sem vegna veðrunar og ýmissar landnotkunar.

### **Framtíðarsýn**

Í Þjóðgarðinum þarf að efla fræðslu um sögu, mannlíf og menningarminjar svæðisins og stuðla að rannsóknum til að efla þekkingu á þessum þáttum.

Sterk áhrif eldvirkni á mannlífið á svæðinu, búsetu og samgöngur, ætti að vera áhersluatriði í verndun og miðlun minja og sagna í Þjóðgarðinum.

Brýnt er að Fornleifavernd ríkisins geri heildstæða úttekt á menningarminjum á vestursvæði Þjóðgarðsins sem fyrst.

Mjög þarft væri að taka saman yfirlit um Þjóðsögur og sagnir sem eiga uppruna á því landsvæði sem er innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs eða tengjast því sterklega. Þjóðgarðurinn, menningarstofnanir og ferðaþjónustufyrirtæki gætu án efa gert sér mat úr sagnamenningu vestursvæðisins.

### **Vöktun**

Nauðsynlegt er að fylgst sé reglulega með ástandi menningarminja og stuðla að varðveislu þeirra.

## 10. Rannsóknir

### Núverandi staða

Miklir möguleikar eru til rannsókna á vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Fjölbreytt og sérstætt náttúrufar gera svæðið eftirsóknarvert til rannsókna. Mikil tækifæri eru til rannsókna t.d. á eldvirkni, jöklum, landslagi, lífríki og tengslum mannlífs og mikilvirkra náttúruafli í aldanna rás..

Lengi hefur verið unnið að margvíslegum jarðfræðirannsóknum á svæðinu, ekki síst í tengslum við Skaftárelda og önnur eldsumbrot. Jöklarannsóknafélag Íslands hefur byggt upp rannsóknarstöð á Grímsfjalli sem bæði gegnir lykilhlutverki í vöktun eldfjalla á svæðinu og er bækistöð fyrir flesta rannsóknarleiðangra á Vatnajökli. Háhitasvæði í Vonarskarði og Köldukvíslarbotnum hafa verið rannsökuð í tengslum við rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Vistgerðir hafa verið rannsakaðar og kortlagðar á afréttum Skaftártungu og Síðumanna. Þá hefur verið unnið að rannsóknum á gróðurframvindu í Skaftáreldahrauni sem er mjög sérstæð vegna afgerandi áhrifa mosa (hraungambra). Í tengslum við virkjanaf framkvæmdir/-hugmyndir hafa verið unnar miklar rannsóknir á jarðfræði og vatnafari svæðisins.

Kirkjubæjarstofa er rannsókna- og menningarsetur á Kirkjubæjarklaustri sem starfað hefur síðan 1997. Þar er leitast við að stuðla að og efla rannsóknir og fræðslu um náttúru, menningu og sögu héraðsins með ýmsu móti; uppbyggingu gagnabanka, samstarfi við innlenda og erlenda vísindamenn, ráðstefnu- og fundahaldi og rekstri fræðastofu og sýningar. Þar hafa menn getað fræðst um Skaftárelda, Vatnajökulsgos, landgræðslu og margt fleira.

Fræðasetur Háskóla Íslands á Hornafirði hefur, í samvinnu við Kirkjubæjarstofu, haft starfsstöð á Kirkjubæjarklaustri frá árinu 2008. Aðaláherslur þess eru á rannsókna- og þróunarstarfi í umhverfis- og ferðamálum.

Á Kirkjubæjarklaustri eru einnig starfsstöðvar Landgræðslu ríkisins, Suðurlandsskóga og Búnaðarsambands Suðurlands.

### Framtíðarsýn

Innan þjóðgarðsins starfi sérfræðingar sem geti skipulagt og framkvæmt rannsóknir og vöktun á náttúrfari hans eða öðru sem markvert þætti að kanna. Þeir sérfræðingar væru jafnframt tengiliðir þjóðgarðsins við aðra vísindamenn sem vinna að rannsóknum í þjóðgarðinum eða á jaðarsvæðum hans).

Mikilvægt er að efla rannsóknir innan Vatnajökulsþjóðgarðs á sviði ólíkra fræðigreina, ekki síst í þeim tilgangi að bæta stöðu grunnþekkingar á náttúrufari sem er allt of bágborin. Með hagnýtingu rannsóknarniðurstaðna má enn fremur byggja þjóðgarðinn upp á traustari grunni.

Brýnt er að móta sérstaka áætlun um þær rannsóknir sem nauðsynlegt er að framkvæma til að vakta þá þætti í náttúrufari þjóðgarðsins sem viðkvæmastir eru og/eða í mestri hættu. Áhersla er lögð á að upplýsingar um rannsóknir og rannsóknaniðurstöður utanaðkomandi aðila skili sér til þjóðgarðsins. Eintök af ritgerðum og öðru efni um svæðið ætti að vera til hjá þjóðgarðinum og helst einnig á héraðsskjalasöfnum.

Verulegur samstarfsgrundvöllur er á milli Vatnajökulsþjóðgarðs, sveitarfélaga og fræðslu- og þekkingarstofnana í grannbyggðum hans vegna rannsókna meðal annars á starfsemi, skipulagningu og uppbyggingu ferðaþjónustu, auk rannsókna á náttúrufari. Í ákveðnum tilfellum getur verið gagnlegt að gera samanburðarrannsóknir í samvinnu við önnur svæði.

Á Suðausturlandi hafa verið uppi áætlanir um stofnun og starfrækslu náttúrustofu, með starfsstöðvar á Kirkjubæjarklaustri og Höfn, en þær hafa ekki enn náð fram að ganga. Sérfræðingar þjóðgarðsins gætu annast ákveðnar rannsóknir á sviði náttúruvísinda a.m.k. þar til náttúrustofu hefur verið komið á laggirnar.

Sérfræðingar þjóðgarðsins taki virkan þátt í uppbyggingu menntunar sem tengist markmiðum garðsins, svo sem varðandi athuganir á lífríki og jarðmyndunum og samspili samfélags og náttúru. Einnig verði lögð sérstök áhersla á að mennta fólk til að sinna landvörslu.



## 11. Hagkerfi og samfélag

### Núverandi staða

Mikið er lagt upp úr góðri samvinnu þjóðgarðsins og samfélagsins í grennd við hann. Slík samvinna eflir báða aðila og styður við vöxt þeirra og þróun. Margir íbúar í grannbyggðum vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs tengjast þjóðgarðinum með beinum hætti, svo sem bændur og ferðaþjónustuaðilar og aðrir sem nýta land innan þjóðgarðsins með einhverjum hætti. Svæðið er jafnframt mikið nýtt af ferðaþjónustuaðilum á suðvesturhorni landsins, enda er vestursvæði þjóðgarðsins sá hluti hans sem næstur er höfuðborginni. Það eiga því margir hagsmuna að gæta þegar uppbygging þjóðgarðsins á í hlut.

Íbúar í grannbyggðum vestursvæðis þjóðgarðsins binda margir hverjir vonir við jákvæð áhrif þjóðgarðsins á samfélagið, aukna og fjölbreyttari atvinnumöguleika og fjölskrúðugara mannlíf. Jákvæð afstaða heimamanna til þjóðgarðsins er ekki síst byggð á væntingum til atvinnuuppbyggingar.

Hvergi er um fasta búsetu að ræða innan vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs.

Unnið er að mótun atvinnustefnu og umhverfisstefnu fyrir Vatnajökulsþjóðgarð.

### Framtíðarsýn

Virkt samstarf milli þjóðgarðs, sveitarfélaga og atvinnulífs í grannbyggðum hans er ein meginforsenda þess að tilkoma þjóðgarðsins verði sú lyftistöng í byggðamálum sem vonir hafa verið bundnar við. Mikilvægt er að allir hlutaðeigandi aðilar leiti leiða til að byggðasjónarmið og náttúruvernd geti farið sem best saman. Huga þarf að samvirkni á milli stefnu þjóðgarðsins í náttúruverndar- og nýsköpunarmálum og stefnu sveitarfélaganna í skipulags-, umhverfis- og atvinnumálum.

Fjölbreytt og áhugaverð afþreying verði byggð á þeim grunni sem náttúra og menning svæðisins skapar. Með nægu framboði afþreyingar aukast líkur á lengri viðdvöl ferðamanna og fjölgun gesta, aukinni dreifingu þeirra bæði í tíma og rúmi sem og aukinni framlegð til samfélagsins, sé vel á málum haldið.

Mikilvægt er að sem mest af nýsköpun og atvinnuuppbyggingu sem tengist þjóðgarðinum eigi sér rætur í grannbyggðum hans, þannig að sá samfélags- og efnahagsávinningur skili sér til nærsamfélaganna.

Á vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs starfi sérfræðingur sem vinni að nýsköpunar- og atvinnuþróunarverkefnum sem varða þjóðgarðinn, í samvinnu við sveitarfélög, fyrirtæki, samtök og íbúa í grannbyggðum hans.

Rekin verði upplýsingamiðstöð á Kirkjubæjarklaustri allan ársins hring. Bæta þarf við starfsfólki svo að slíkt sé framkvæmanlegt.

Gera þarf langtímaáætlun um starfsmannþörf á vestursvæði þjóðgarðsins, með tilliti til væntanlegra þróunar í fjölda gesta, sem og þeirra mörgu og fjölbreyttu verkefna sem þjóðgarðinum ber að sinna.

Kanna þarf möguleika þess að gera þjónustusamninga við landeigendur eða rekstraraðila sem staðsettir eru nálægt þjóðgarðsmörkum um t.a.m. upplýsingagjöf til ferðamanna, umsjón með aðstöðu og/eða landvörslu á afmörkuðum svæðum (sbr. 2. kafla).

Þjóðgarðurinn móti reglur um atvinnustarfsemi innan þjóðgarðs, þar sem m.a. verði kveðið á um þær umhverfiskröfur sem fyrirtæki þurfi að uppfylla vegna starfa innan þjóðgarðsins eða í samstarfi við hann. Þjóðgarðurinn veiti fyrirtækjum jafnframt ráðgjöf þannig að þau geti aðlagð starfsemi sína að þjóðgarðinum og nýtt þau tækifæri sem tilvera hans skapar.

Þjóðgarðurinn móti markaðs- og kynningaráætlun fyrir þjóðgarðinn en hafi um það samstarf við svæðisbundin og landshlutabundin samtök ferðaþjónustuaðila.

Allar fjárfestingar Vatnajökulsþjóðgarðs á vestursvæðinu skulu vera í samræmi við markmið þjóðgarðsins um náttúruvernd, útivist og atvinnuþróun. Þjóðgarðurinn noti hluta af þeim fjármunum sem honum er skammtaður til að byggja upp aðstöðu fyrir fyrirtæki til að gera út á ferðamennsku innan garðsins.

Þjóðgarðurinn stefni að því að styrkja heimabyggð með því að sækja þangað verslun og þjónustu eins og unnt er.

## **Vöktun**

Samfélagsleg áhrif af stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs verði könnuð reglulega með viðtölum við heimamenn, m.a. þannig að unnt sé að meta félagsleg þolmörk ferðamennsku.

Móta þarf aðferðafræði til þess að meta efnahagsleg áhrif af stofnun og starfsemi þjóðgarðsins og gera í framhaldi af því reglubundnar rannsóknir til þess að fylgjast með þróun mála á því sviði.

## 12. Stjórnun

### Núverandi staða

Vatnajökulsþjóðgarður er ríkisstofnun og fer umhverfisráðherra með yfirstjórn mála er varða þjóðgarðinn. Ráðherra skipar sérstaka stjórn til fjögurra ára í senn og fer hún með stjórn stofnunarinnar og hefur umsjón með rekstri þjóðgarðsins. Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs samanstendur af átta stjórnarmönnum. Framkvæmdastjóri þjóðgarðsins annast daglegan rekstur og umsýslu í umboði stjórnar samkvæmt erindisbréfi. Skrifstofa framkvæmdastjóra er í Reykjavík og þar starfar auk framkvæmdastjóra einn starfsmaður í hlutastarfi.

Vatnajökulsþjóðgarði er skipt upp í fjögur rekstrarsvæði. Á hverju rekstrarsvæði þjóðgarðsins starfar sex manna svæðisráð. Helstu verkefni svæðisráða eru að vinna tillögu að verndaráætlun og rekstraráætlun fyrir viðkomandi rekstrarsvæði, gera tillögu um ráðningu þjóðgarðsvarðar og vera honum og stjórn þjóðgarðsins til ráðgjafar um málefni þjóðgarðsins á viðkomandi rekstrarsvæði.

Á hverju rekstrarsvæði starfar nú einn þjóðgarðsvörður. Þjóðgarðsverðir annast daglegan rekstur og stjórn viðkomandi rekstrarsvæðis í umboði stjórnar. Þeir bera jafnframt ábyrgð á fjárreiðum og reikningshaldi gagnvart stjórn þjóðgarðsins og ráða annað starfsfólk hans.

Í tillögum ráðgjafanefndar um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs var lagt til að við hlið hvers þjóðgarðsvarðar starfi a.m.k. einn sérfræðingur. Á vestursvæði þjóðgarðsins hefur starfað einn sérfræðingur auk þjóðgarðsvarðar.

Sumarið 2009 voru ráðnir þrír landverðir til sumarstarfa á vestursvæði þjóðgarðsins frá 1. júní til 31. ágúst, alls um 36 vinnuvikur. Á vestursvæðinu tók einnig fjöldi sjálfboðaliða þátt í verkefnum á vegum þjóðgarðsins, samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun.

Samkvæmt óformlegum samningi við Skaftárhrepp hefur Vatnajökulsþjóðgarður annast landvörslu að hluta í Eldgjá, þeim störfum hefur landvörður í Hólaskjóli sinnt.

### Framtíðarsýn

Stjórnun þjóðgarðsins miðar að því að sem flestir fái notið þeirra gæða sem þjóðgarðurinn hefur upp á að bjóða án þess að gæðin rýrni. Áhersla er lögð á að heimamenn og gestir njóti staðarins á sem margvíslegastan hátt og takmarkandi stjórnun því aðeins beitt að það þjóni skýrum tilgangi verndunar í samræmi við þessa stefnu. Leitast er við að bjóða gestum að njóta þjóðgarðsins að einhverju leyti á öllum árstímum eftir því sem aðstæður leyfa.

Komið verði á umhverfis- og gæðakerfi fyrir innra starf þjóðgarðsins.

Skilgreina þarf svæði innan þjóðgarðsins þar sem þörf er nánari skipulagningu og gera síðan deiliskipulag fyrir þau eins fljótt og auðið er.

Starfsemi á vegum einkaaðila innan þjóðgarðsins þarf að vera í samræmi við markmið og gæðastaðla hans. Mótaður verði rammi um útboð, leyfisveitingar og starfsemi einkaaðila sem starfa innan þjóðgarðsins. Sá rammi tryggir að starfsemin sé í samræmi við verndar- og atvinnustefnu þjóðgarðsins.

Þróa þarf kerfisbundna vöktunaráætlun, m.a. byggða á talningum ferðamanna, til að meta hvar ágangur veldur breytingum á t.a.m. náttúrufari, menningarminjum eða upplifun ferðamanna umfram ásættanleg mörk. Í áætluninni verði jafnframt tiltekin viðbrögð við slíkum aðstæðum.

Gera þarf forvarnaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð,

Öryggi þjóðgarðsgesta og starfsfólks verði tryggt eins og framast er unnt með skýrum reglum og leiðbeiningum. Í þjóðgarðinum verði unnið eftir skipulegu gæðakerfi sem tryggir að viðhald og önnur reglubundin verk séu í föstum skorðum og brugðist verði við frávikum.

Metin verði hætta sem starfsfólki og gestum kann að vera búin í þjóðgarðinum og útbúnaðar öryggisreglur og áætlanir í samvinnu við þá aðila sem gæta öryggis almennings. Gestum verði kynntar öryggisreglur eftir þörfum á hverjum stað og umbúnaður hafður vandaður og vel við haldið. Könnuð verði réttarstaða þjóðgarðsins vegna ábyrgðar sem hann kann að bera á öryggi gesta.